

Sjálfbærniskýrsla

Fyrir árið 2018



Ávarp forstjóra

Vörður er alhliða váttryggingafélag sem býður hagkvæmar tryggingalausnir á samkeppnishæfu verði fyrir einstaklinga, fjölskyldur og fyrirtæki. Starfsmenn félagsins í árslok 2018 voru 94 í 87 stöðugildum og viðskiptavinir liðlega 64.000 talsins.

Árið 2018 var fyrsta heila starfsárið eftir að Okkar líf sameinaðist Verði. Sameiningin gekk vel sem og úrvinnsla hennar í framhaldinu. Umtalsverð samlegðaráhrif náðust fram og stendur Vörður sterkari fótum en áður, með fjölbreyttara þjónustuframboð og öflugan hóp starfsfólks innanborðs.

Á árinu var unnið að fjölmörgum áhugaverðum verkefnum eins og endurskipulagningu skrifstofuhúsnæðis félagsins í Borgartúni og fjölmörg stærri þróunar- og umbótaverkefni fóru í gang. Þá var lögð lokahönd á umfangsmikla stefnumótunarvinnu sem hófst árið 2017. Að þeirri vinnu komu stjórnarmenn félagsins ásamt stórum hluta starfsfólks auk innlendra ráðgjafa. Ný stefna grundvallast á kjarna fyrri stefnu um að viðskiptavinurinn sé ávallt í öndvegi og hagsmunir hans hafðir að leiðarljósi. Lögð er höfuðáhersla á framúrskarandi góða þjónustu, aukið þjónustuframboð og fjölgun samskipta- og sjálfsafgreiðsluleiða, allt með það að markmiði að gera þjónustuna þægilegri fyrir viðskiptavinum. Markmið til lengri tíma er að viðskiptavinum standi til boða mismunandi leiðir til úrlausna og samskipta við félagið, hvenær sem er sólarhringsins, árið um kring.

Arion banki, eigandi Varðar, er leiðandi í þróun stafrænna lausna á bankamarkaði. Þróunin á tryggingamarkaði hefur verið hægari en er nú hafin af fullri alvöru. Stefna Varðar er að fylgja eiganda sínum og bjóða viðskiptavinum framsæknar, stafrænar lausnir sem gera viðskiptavinum meðal annars fært að kaupa tryggingar hvenær sem er sólarhringsins í gegnum stafræn tæki. Viðskiptavinum verður jafnframt gert kleift að tilkynna tjón og sinna öðrum váttryggingaviðskiptum á stafrænan máta. Þá hyggst félagið leggja stórauðna áherslu á gagnadrifinn rekstur sem mun án efa styrkja þjónustuna. Samstarf Varðar og Arion banka verður áfram þróað með það að leiðarljósi að viðskiptavinir samstæðunnar njóti þeirrar sérstöðu sem felst í sambandi félaganna. Grundvöllur alls þessa stendur síðan og fellur með öflugum hópi starfsfólks. Áfram verður því lögð mikil rækt við þróun og þjálfun starfsmanna-hópsins.

Gæða- og öryggismál skipa háan sess hjá Verði sem er nauðsynlegt vegna mikils hraða og örra breytinga í starfs-umhverfinu. Mikil áhersla hefur verið á eftirlitsþáttinn með eflingu innra eftirlits til að tryggja eftirfylgni við verklags-reglur og ferla. Félagið hefur unnið markvisst í upplýsingaöryggismálum enda hefur það hlotið vottun samkvæmt ISO 27001:2013 frá árinu 2016.

Vörður hefur skýra sýn og stefnu í jafnréttismálum. Stefna og áætlun félagsins tryggir sanngirni, jöfn tækifæri og kjör allra starfsmanna óháð kyni, aldri, kynþætti, trú eða öðru af því tagi. Hvers konar mismunur á grundvelli kynferðis eða annarra þátta er í andstöðu við jafnréttisstefnu félagsins sem og jafnréttislög. Vörður hlaut jafnlauna-vottun árið 2014, fyrst allra fjármálafyrirtækja, og hefur árlega fengið vottun sem er staðfesting þess að unnið er af heilindum að jafnréttisstefnu félagsins.

Ýmislegt hefur verið gert tengt loftslagsmálunum. Gerður var samningur við Kolvið um kolefnisjöfnun á allri losun félagsins og þar með talið losun vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu, sem nam 52,3% af allri losun félagsins árið 2018. Félagið tók ákvörðun um að fara úr bensín- og dísilbílum yfir í rafmagnsbíla á árinu 2018, en afhendingu þeirra seinkaði og voru þeir teknir í notkun í byrjun þessa árs. Úrgangur hefur verið flokkaður frá því 2011 og markvisst er stefnt að aukinni og betri flokkun.

Vörður birtir nú í annað sinn skýrslu um ófjárhagslega þætti (sjálfbæriskýrslu) samhliða skýrslu stjórnar og árs-skýrslu. Vísað er í sjálfbæriskýrsluna í skýrslu stjórnar. Skýrslan er unnin í samræmi við UFS-viðmið Nasdaq (umhverfisþættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir – íslensk þýðing á ESG-viðmiðum Nasdaq) með tilvísun í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDG), GRI (Global Reporting Initiative) og UN Global Compact. Það er trú stjórnenda Varðar að þessi vegferð í samfélagslegri ábyrgð muni skila enn betri rekstri og skýrari sýn á þætti sem snúa að sjálfbærni og jákvæðum áhrifum fyrirtækisins á umhverfi og samfélag.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Hagsmunaaðilar

Lögð er áhersla á ábyrg og traust samskipti við alla hagsmunaaðila. Starfsemi Varðar fer fram á skrifstofum félagsins en meginhluti allrar vinnu vegna tjóna, s.s. eigna- og ökutækjatjóna, fer fram á tjónsstað eða á verkstæðum hjá birgjum félagsins. Vörður hefur það að markmiði að brýna alla sína birgja til að huga að sjálfbærni og leitast við að vinna umfram aðra með aðilum sem hafa sett sér stefnu í umhverfismálum og samfélagslegri ábyrgð. Þá er stefnt að því að hafa áhrif á viðskiptavinum og hvetja til ábyrgrar hegðunar sem á að skila sér í fækkun tjóna. Fræðslu og auknum samskiptum, m.a. á Facebook, er ætlað að vekja fólk til betri vitundar um tryggingar, forvarnir og ábyrga hegðun, samfélaginu öllu til hagsbóta.

Vörður tryggingar
Sponsored · 

Þetta er frísbíl! Nei, þetta er geimskípi!

Sjaldséðir eru hvítir reykskynjarar. Þeir mættu að minnsta kosti vera algengari enda nauðsynlegir á hverju heimili. Gulltryggðu að þú sért með einn slíkan á heimilinu og ef svo er kannaðu þá hvort hann sé ekki í lagi.

Eru eldvarnarmálín í lagi á þínu heimili?



Vörður tryggingar
Sponsored · 

Hvernig væri að líta upp úr símanum og gera eitthvað skemmtilegt saman? Fara í heilsubótargöngu, spila borðspil, spjalla saman eða koma einhverju í verk sem hefur setið á hakanum?

Hvað ætlar þú að gera á Símalausum sunnudegi?



Vörður tryggingar
Sponsored · 

Á Íslandi eru tvær árstíðir – mjög langt haust og vetur. Þess vegna er fólk sem hjólar allan ársins hring hefur. Nú er ráð að dusta rykið af luktinni og athuga hvort það séu ekki alveg örugglega endurskinsmerki á öllum hlífðarfatnaði. Þá má rökkrið koma.




Vörður tryggingar
Sponsored · 

Árið 2000 gerði World Heart Federation þennan dag að alþjóðlega hjartadeginum í þeim tilgangi að auka meðvitund fólks um hjartasjúkdóma. Þykir okkur því ærin ástæða til að vekja athygli á því að streita er einn helsti áhættuþáttur hjartasjúkdóma. Nokkrar leiðir til að draga úr streitu eru t.d. að fá góðan nætursvefn, tileinka sér öndunaræfing, regluleg hreyfing og gott fæðslag.



Vörður tryggingar
Sponsored · 

Nú blæs hann! Veðurstofan hefur sent frá sér viðvörðun um afar slæmt veður í kvöld, en vindurinn getur hæglega farið í 30-40 metra á sekúndu í mestu hviðunum. Föllum varlega og festum allt sem getur fokið svo það fjúki ekki út í veður og vind.




Vörður tryggingar
Sponsored · 

Í dag er alþjóðlegur dagur handþvottar. Vissir þú að reglulegur handþvottur er ein besta vörnin gegn kvefi og flensu? Ef flensan er búin að vera þrálát er ráð að þvo hendurnar oft og yfir daginn – ekki bara eftir klósettferðir. Þetta er góð leið til þess að fyrirbyggja veikindi og auðvitað líka svo þú getir átt fleiri stundir fyrir framan spegilinn.



Áhersla á aðra þætti en þá sem snúa beint að fjárhagslegum ávinningi skapar ný tækifæri í rekstri og styrkir samkeppnisstöðu fyrirtækisins. Með því að skoða kjarnastarfsemina út frá UFS-þáttunum (ESG) og vinna uppgjör, samhliða fjárhagsuppgjöri, með hliðsjón af áhrifum fyrirtækisins á umhverfið, samfélagið og stjórnarhætti, skapast grundvöllur fyrir skilvirkari rekstur, kostnaðarhagræðingu og aukna verðmætasköpun. Með þessu uppgjöri fyrir árið 2018 leggur Vörður grunn að áframhaldandi starfi í átt að bættu umhverfi, betra samfélagi og aukinni sjálfbærni.



Stefna um samfélagslega ábyrgð

Samfélagsleg ábyrgð Varðar snýst um að starfa til hagsbóta fyrir viðskiptavinum fyrirtækisins, starfsmenn, eigendur og samfélagið í heild og skapa þannig sameiginlegt virði.

Vörður einsetur sér að hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þróun og umhverfi fyrirtækisins í allri sinni starfsemi. Rækt við mannauðinn, ábyrg tryggingastarfsemi, virk umhverfisstefna, ábyrgir stjórnunarhættir, framlög og styrkir til góðgerða- og félagssamtaka, rekstur og þjónusta byggð á siðrænum gildum, fræðsla, gegnsæi og virk upplýsingagjöf er meðal kjarnabáta í samfélagsstefnu Varðar.

Vörður ábyrgist að starfað sé eftir stefnu um samfélagslega ábyrgð með því að setja skýr og framfylgjanleg markmið sem unnin eru í samstarfi við hagsmunaaðila og samræmast heildarstefnu fyrirtækisins.

Með eftirtöldum markmiðum er leitast við að framfylgja þessari stefnu í starfsemi fyrirtækisins:

1. Vörður stundar ábyrga tryggingastarfsemi

Vörður er ábyrgt tryggingafélag sem leggur ríka áherslu á að lágmarka áhættu til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila. Vörður leggur áherslu á bætta lýðheilsu í starfsemi sinni, m.a. með miðlun upplýsinga og fræðslu.

2. Vörður er leiðandi fyrirtæki þegar kemur að því að rækta mannauðinn

Vörður vinnur með starfsfólki að heilbrigði þess og vellíðan ásamt því að leggja áherslu á jafnrétti og að starfsfólk fái tækifæri til þess að vaxa í starfi. Vörður er fjölskylduvænt fyrirtæki og kappkostar að stuðla að almennri vellíðan, starfsánægju og góðum starfsanda.

3. Vörður leggur sig fram um að starfa náið og á ábyrgan hátt með samfélagi sínu

Vörður leitar samstarfs við viðskiptavinum sína og aðlagar vörur og þjónustu að þörfum þeirra og samfélagsins. Vörður stundar gegnsæ vinnubrögð. Liður í starfsemi félagsins er virk styrkjastefna, framlög til góðgerðarmála og víðtækt samstarf við fræðasamfélagið.

4. Vörður sýnir ábyrgð gagnvart umhverfi sínu

Vörður ber virðingu fyrir náttúrunni og vinnur markvisst að því að auka umhverfisvæna þætti í allri starfsemi sinni og draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið.

5. Vörður stundar ábyrga stjórnarhætti

Félagið fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Kauphöll Íslands.

6. Vörður er fyrirtæki með ábyrga virðiskeðju

Virðiskeðja Varðar er byggð á siðrænum og samfélagslega ábyrgum gildum. Félagið kys að starfa með birgjum sem starfa eftir sömu gildum, umfram aðra. Vörður stuðlar að því að vörur fyrirtækisins séu samfélagslega ábyrgar og að viðskiptavinir séu vel upplýstir um hvað þær standa fyrir og þar með vel meðvitaðir um ákvarðanir sínar við val á þeim.

Viðskiptalíkan Varðar

Vörður er alhliða váttryggingafélag sem leitast við að þjóna viðskiptavinum sínum á einfaldan og þægilegan máta. Hjá félaginu eru allar tryggingar í boði sem heimilin og fyrirtækin í landinu kalla eftir og þurfa á að halda. Í starfsemi félagsins er lögð áhersla á litla yfirbyggingu og hagkvæman rekstur þar sem byggt er á nútímalegum þjónustu- og samskiptaleiðum. Í sögulegu samhengi hefur Vörður ekki verið með eins viðamikið útibúanet og önnur tryggingafélög á markaði. Þetta hefur leitt af sér hagkvæman rekstur sem viðskiptavinir hafa notið góðs af. Þar sem Vörður á sér skemmri sögu en önnur tryggingafélög hefur verið lögð mikil áhersla á þjónustugæði við uppbyggingu félagsins. Í mælingum hefur þjónusta félagsins að jafnaði fengið góða einkunn. Til nánustu framtíðar verður mikil áhersla lögð á að nýta þau tækifæri sem nútíma samskiptamiðlar hafa upp á að bjóða, án þess að tapa á nokkurn hátt persónulegri þjónustu sem áhersla er lögð á í samskiptum við viðskiptavini.

Umhverfispættir

Vörður rekur þrjár þjónustuskrifstofur: í Reykjavík, Reykjanesbæ og á Akureyri. Umhverfispættirnir sem hér eru skoðaðir eru vegna reksturs þessara starfsstöðva. Félagið hefur sett sér markmið um að efla rafrænar lausnir fyrir viðskiptavinum sem mun hafa mikil áhrif til minni losunar á gróðurhúsalofttegundum hjá þeim. Það felst fyrst og fremst í því að viðskiptavinir þurfa ekki að koma á staðinn, s.s. til að ganga frá kaupum á tryggingum eða tilkynna tjón, þar sem þeir munu geta undirritað umsóknir og tilkynningar með rafrænum hætti.

Losun vegna ökutækja hjá Verði ætti að minnka strax á þessu ári þar sem nú hafa verið keyptir þrír rafmagnsbílar. Tjónadeild félagsins þarf að fara töluvert út á land og því var ákveðið að eiga einn jeppling, sem er bensínbill, fyrir slíkar ferðir. Yfir 50% af allri losun félagsins er vegna aksturs starfsmanna til og frá vinnu. Gerð var könnun á því hversu margir samnýttu ferðir með öðrum þegar þeir fara til vinnu. Í ljós kom að um 12% eru að samnýta einkabíl með öðrum.

Undir lok síðasta árs var kaupum á einnota umbúðum breytt yfir í lífrænar umbúðir fyrir viðskiptavinum en starfsmenn nota ekki einnota umbúðir. Á fyrri hluta ársins var samið við fyrirtækið Maul um að halda utan um pantanir starfsmanna á hádegismat. Fyrirtækið semur við fjölda veitingastaða og geta starfsmenn valið um nokkra rétti daglega og pantað í lok vikunnar hádegismat fyrir næstu viku. Þetta hefur mælst vel fyrir hjá starfsmönnum og gerir það að verkum að matarsóun minnkar til muna. Í flestum tilfellum er lítið sem ekkert afgang. Þá daga sem mikið er afgang er haft samband við Samhjálp sem sækir afgangana og nýtir fyrir sína skjólstæðinga.

Prentskýrsla var tekið í notkun hjá Verði fyrir allnokkru síðan og hefur það dregið úr prentun. Árið 2017 voru prentaðar út 2.823 blaðsíður á stöðugildi en árið 2018 voru þær 2.397.

E1 | KOLEFNISUPPGJÖR



GRI 305-1, 2, 3, 5 | UNGC SDG 13, 14, 15

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.


Gróðurhúsalofttegunda-staðallinn (e. The Greenhouse Gas Protocol – GHG Protocol) er mest notaða alþjóðlega reiknitækið við uppgjör á losun gróðurhúsalofttegunda og gefur hann mikilvægar vísbendingar um loftslagsbreytingar og almennt ástand umhverfismála. Með mælingum á losun metur Vörður áhrif starfsemi sinnar á umhverfið og auðveldar aðgerðir til betrubóta.

Eins og fram kemur á skífuritinu á næstu síðu þá er mesta losunin vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu. Frá árinu 2015 hefur félagið boðið upp á samgöngustyrki og nýttu 12 starfsmenn sér styrkinn árið 2018. Ekki er mikil breyting á losun á milli ára en lækkunin í umfangi 2 er áberandi. Ástæða minni losunar er breyting á útreikningi vegna losunar á heitu vatni. Fyrir árið 2017 var notast við NIR-stuðulinn: $44,4 \cdot 10,1 = 448,44$ á móti stuðlinum: $58 \cdot 2,8 = 162,4$ á síðasta ári.

Losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum CO₂

Lýsing	2017	2018	Breyting í %
Umfang 1	11,94	11,55	-3,3%
Umfang 2	6,37	2,96	-53,5%
Umfang 3	72,00	70,50	-2,1%
Samtals losun	90,31	85,01	-5,9%
Kolefnisbinding	90,31	85,01	-5,9%
Kolefnisjöfnun	90,31	85,01	-5,9%
Kolefnisspor (tonn CO₂)	0	0	0

Losun CO₂ 2018



E2 | KOLEFNISVÍSIR – KOLEFNISSTUÐULL



GRI 305-1-f | UNGC | SDG 13, 14, 15

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Losun m.v. afkomu, sölu, stærð húsnæðis og ársverk

Lýsing	2017	2018	Breyting í %
Heildartekjur í milljörðum króna	10,599051	11,416428	+7,7%
Seldar einingar	166.057	173.131	+4,3%
Stærð húsnæðis í rúmmetrum	5883,6	5883,6	0%
Kolefnisvísir kíló CO ₂ / tekjur	0,00000852	0,00000745	-12,6%
Fjöldi starfsmanna (ársverk)	100,2	101,06	+0,9%
Kolefnisvísir kíló CO ₂ / seldar einingar	0,54	0,49	-9,3%
Kolefnisvísir kíló CO ₂ / m ³ húsnæði	15,4	14,4	-5,9%
Kolefnisvísir kíló CO ₂ / ársverk	901,3	841,2	-6,7%

E3 | BEIN OG ÓBEIN ORKUNOTKUN



GRI 302-1 | UNGC | SDG 7, 13, 15

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Orkunotkun hefur mikil áhrif á loftslagsbreytingar þar sem bruni óendurvinnanlegs eldsneytis býr til gróðurhúsalofttegundir og veldur neikvæðum umhverfisáhrifum. Með mælingum og eftirliti á orkunotkun vinnur Vörður markvisst í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þar sem Ísland tekur þátt í viðskiptaheimildakerfinu með upprunavottorð raforku þá geta reikniforsendur vegna losunar breyst á milli ára (sjá uppruna raforku á Íslandi 2016 og 2017 í U6). Við útreikninga á losun vegna rafmagnsnotkunar og notkunar á heitu vatni er miðað við NIR, en Orkustofnun reiknar alla losun vegna jarðhita á Íslandi inn í losun vegna rafmagns (sjá skýringar á breytingu milli 2017 og 2018 í U1).

Heildarnotkun skipulagsheildar

Lýsing	2017	2018	Breyting í %
Raforka	2,47	1,78	-28%
Hitaveita	3,90	1,18	-70%
Eldsneyti	11,94	11,55	-3,3%
Samtals	18,31	14,51	-20,8%

E4 | ORKUVÍSIR



GRI 302-3-a | UNGC | SDG 7, 13, 15

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Orkuvísirinn sýnir beina orkunotkun á fermetra húsnæðis miðað við ársverk hvers starfsmanns. Mælingar og upplýsingar um orkunotkun starfsmanna skapa meðvitund og tækifæri til frekari ávinnings með orkusparnaði.

Orkunotkun í hlutfalli við stærð húsnæðis og fjölda starfsmanna (ársverk)

Lýsing	2017	2018	Breyting í %
Stærð húsnæðis í m ³	5883,6	5883,6	0%
Fjöldi starfsmanna (ársverk)	100,2	101,06	+0,9%
Orkunotkun á rúmmetra (kWh/m ³)	92	104	+13%
Orkunotkun á starfsmann (ársverk)	5389	6081	+13%

E5 | HELSTU ORKUGJAFAR



GRI 302-3-c | UNGC | SDG 7, 13, 15

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Helstu orkugjafar í starfsemi félagsins eru heitt vatn og rafmagn.

Helstu orkugjafar

Lýsing	2017	2018	Breyting í %
Heildarvelta í milljörðum króna	10,599051	11,416428	+ 7,7%
Starfsmannafjöldi (ársverk)	100,2	101,06	+ 0,9%
Stærð húsnæðis í rúmmetrum	5.883,6	5883,6	0%
Kíló CO ₂ / heildarvelta	0,00000852	0,00000745	-12,6%
Kíló CO ₂ / ársverk	901,3	841,2	-6,7%
Kíló CO ₂ / rúmmetrar húsnæðis	15,4	14,4	-5,9%

E6 | ENDURNÝJANLEG ORKA



GRI 302-1-b | UNGC P7, P8, P9 | SDG 9, 13, 15

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Orkustofnun gerir upp m.v. tímabilið 1. apríl – 31. mars ár hvert.

Yfirlit yfir tegund og uppruna endurnýjanlegrar orku

Lýsing	2016	2017
Endurnýjanleg orka (rafmagn/heitt vatn)	21%	13%
Kjarnorka	20%	29%
Jarðefnaeldsneyti (bensín/dísel)	59%	58%
Hlutfall endurvinnanl. orka af heildarnotkun	21%	13%

Uppruni raforku 2016

Uppruni raforku 2017

E7 | VATNSNOTKUN



GRI 303-1,-3-a | UNGC | SDG 2, 5, 13, 14, 15

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Með því að fylgjast kerfisbundið með vatnsnotkun hefur Vörður dregið úr notkun á vatni sem hefur þann ávinning að kostnaður minnkar.

Notkun á neysluvatni í rúmmetrum

Lýsing	2017	2018	Breyting í %
Heildarnotkun vatns í m ³ (heitt og kalt)	16.046	13.703	-14,6%
Hreinsun og endurnotkun	0	0	0
Notkun á starfsmann (ársverk) í m ³	160,1	135,6	-15,3%

E8 | ÚRGANGUR



GRI 306-2 | UNGC P7, P8 | SDG 2, 6, 12, 13, 14, 15

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Vörður hvetur starfsmenn til reglubundinnar flokkunar á úrgangi. Árið 2017 var gerð hreinsun á pappír úr geymslum félagsins sem skýrir mikla lækkun á heildarmagni úrgangs á milli áranna 2017 og 2018.

Yfirlit heildarmagns úrgangs

Lýsing	2017	2018	Breyting í %
Flokkaður úrgangur	6.114	4.325	- 29,3%
Óflokkaður úrgangur	9.708	6.419	-33,9%
Heildarmagn úrgangs	15.822	10.744	-32,1%
Kolefnisspor (tonn CO ₂)	5,6	3,8	-32,1%

E9 | UMHVERFISSTEFNA



GRI 102-34/103-2 | UNGC | SDG 2, 12, 13, 14, 15

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

1. Það er stefna Varðar að lágmarka umhverfisáhrif vegna starfsemi sinnar og almennt að draga úr soun.
2. Félagið setur sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
3. Endurnýtanlegur úrgangur er flokkaður og skilað til endurnýtingar.
4. Félagið leggur áherslu á að hafa jákvæð áhrif á sína birgja hvað umhverfisáhrif varðar.
5. Horft er til þess að kaupa vistvænar og umhverfismerktar vörur og þjónustu umfram aðrar.
6. Félagið leggur áherslu á að auka pappírslaus viðskipti.
7. Vörður stuðlar að umhverfisvitund starfsmanna með virkri þjálfun og fræðslu um málefnið.
8. Félagið hefur frumkvæði að endurbótum á starfsháttum með það fyrir augum að efla umhverfisvernd.
9. Vörður setur sér árleg markmið um að minnka umhverfisáhrif í starfsemi sinni og fylgir þeim eftir með grænu bókhaldi og UFS-viðmiðum Nasdaq (ESG).
10. Vörður fylgir lagalegum kröfum og reglugerðum er varða umhverfismál.

E10 | UMHVERFISÁHRIF



GRI 307/103-1 | UNGC | SDG 2, 12, 13, 14, 15

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Starfseminnar vegna fellur Vörður ekki undir lög um umhverfisábyrgð og ber ekki lagalega ábyrgð á óæskilegum umhverfisáhrifum. Samt sem áður leggur félagið sig fram um að draga úr óæskilegum umhverfisáhrifum í starfsemi sinni og að hafa jákvæð áhrif á samstarfsaðila og hagsmunaaðila í nærumhverfi sínu.

Samfélagsþættir

Vörður leggur mikla áherslu á velferð og vellíðan starfsmanna sinna og hvetur til heilbrigðs lífennis og hreyfingar. Hjá félaginu er til að mynda starfandi heilsunefnd sem skipuleggur ýmsa heilsutengda og uppbyggjandi viðburði fyrir líkama og sál. Velferðarnefnd er einnig starfandi en hún hefur það hlutverk að vinna að þáttum sem snerta jafnrétti, vinnurétt, einelti og áreitni og annað þess háttar sem snýr að velferð starfsmanna. Félagið veitir starfsmönnum styrki til þátttöku í heilsuefndum athöfnum sem og tómstundum sem efla líkama og sál. Félagið býður starfsmönnum árlega að gangast undir mat á heilsufari og líðan. Við matið er notast við heilðræna nálgun þar sem horft er til fleiri þátta en líkamlegra, s.s. geðheilsu, persónulegrar heilsu, félagslegrar heilsu og faglegrar heilsu. Með slíkri nálgun næst mun meiri árangur við mat á heilsu og vellíðan starfsmanna.

Eins og fram kom í umhverfiskaflanum er losun CO₂ vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu stór hluti af heildarlosun félagsins. Það er því mikil áskorun sem felst í því að auka veg umhverfisvænna samgangna og fjölga þeim sem nýta sér samgöngustyrki.

S1 | Launahlutfall æðsta stjórnanda



GRI 405-2/102-38 | UNGC | SDG 8

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Laun æðsta stjórnanda eru ákveðin af stjórn Varðar í samræmi við gildandi starfskjarastefnu og jafnlaunastefnu sem yfirfarin er árlega. Innan félagsins starfa launanefnd og starfskjaranefnd á vegum stjórnar sem koma að stefnumarkandi ákvörðunum um laun og uppsetningu þeirra. Árin 2016 og 2017 var hlutfall miðgildis launa starfsmanna 19% af launum forstjóra í báðum tilfellum. Árið 2018 var hlutfallið 22%.

S2 | Launahlutfall eftir kyni



GRI 405-2 | UNGC | SDG 10

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Vörður hefur skýra stefnu, markmið og aðgerðaráætlun til að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af báðum kynjum. Árið 2014 hlaut Vörður, fyrst fjármálafyrirtækja, jafnlaunavottun og hefur starfað eftir því kerfi allar götur síðan. Í samræmi við reglur vottunar er árlega gerð launagreining. Greiningin gefur félaginu tilfinningu fyrir launauppsetningu innan félagsins á hverjum tíma og gefur tækifæri til úrbóta ef niðurstöður eru ekki í takt við markmið félagsins um jöfn laun fyrir sömu eða sambærileg störf óháð kyni. Félagið hefur sett sér markmið að hafa óútskýrðan launamun eins lítinn og mögulegt er og aldrei meiri en 5%. Á árinu 2017 mældist óútskýrður launamunur 4% körlum í vil en árið 2018 lækkaði hann í 2,08%. Það er félaginu mikið kappsmál að vinna vel í jafnréttismálum sem og jafnlaunamálum og hlúa að þeim þáttum í starfsemi sinni. Hér má finna [jafnréttisstefnu Varðar](#).

S3 | Starfsmannavelta



GRI 401-1 | UNGC | SDG 5

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Vörður leggur áherslu á stöðugleika í starfsemi sinni. Með því að hlúa að starfsfólki og huga vel að vinnustaðnum er komið í veg fyrir óeðlilega eða neikvæða starfsmannaveltu. Félagið leggur einnig áherslu á að byggja upp áhugaverðan og spennandi vinnustað sem laðar að sér vel menntað og reynslumikið starfsfólk. Miklar breytingar í starfsumhverfi valda gjarnan breytingu á samsetningu starfsmannahópsins og stöðu hans en félagið hefur stækkað ört undanfarin ár og eignarhald þess tekið breytingum með tilheyrandi umróti fyrir starfsmenn.

Ár	Sagt upp störfum	Hætt vegna aldurs	Segir upp	Starfsmannavelta
2017	1	1	7	14,7%
2018	2	1	6	10%

S4 | Kynjavíddir



GRI 405-1 | UNGC | SDG 1, 4, 5, 10

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Af þeim verktökum sem starfa fyrir Vörð við sölu váttrygginga er hlutfall karlmanna hátt. Árið 2017 var hlutfallið 90% en 2018 var það 92%. Kynjahlutföll á efri stjórnunarstigum hafa hingað til verið nokkuð jöfn. Félagið vinnur áfram að því að jafna kynjahlutföll á öllum stjórnendastigum og ná þannig fram ólíkum sjónarmiðum og aukinni fjölbreytni í leiðsögn, úrvinnslu verkefna og öðru líku.

Ár	Konur	Karlar
2017	60%	40%
2018	62%	38%

Lýsing	2017 Konur	2017 Karlar	2018 Konur	2018 Karlar
Framkvæmdastjórn	50%	50%	60%	40%
Deildarstjórar/teymisstjórar	50%	50%	45%	55%
Millistjórnendur/forstöðumenn	25%	75%	44%	56%

S5 | Samsetning starfa – hlutastörf



GRI 102-8 | UNGC | SDG 5, 8

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Árið 2017 leysti Vörður eitt stöðugildi með lausráðnum starfsmönnum og hafði 17 stöðugildi verktaka en árið 2018 voru 2,56 stöðugildi lausráðinna og 12 stöðugildi verktaka. Þjónustubörf félagsins jókst mikið á árinu 2018 vegna töluverðrar stækkunar þess sem var að hluta til leyst með lausráðningu starfsfólks og fleiri sumarstarfsmönnum en áður.

S6 | Jafnrétti



GRI 406 | UNGC P6 | SDG 4, 5, 6, 8

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Vörður hefur skýra sýn í jafnréttismálum og hefur sett sér **jafnréttisstefnu** sem ætlað er að tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks af báðum kynjum. Hvers kyns mismunur á grundvelli kynferðis, trúar, aldurs eða annars er í andstöðu við jafnréttisstefnu sem og jafnréttislög. Aðgerðaáætlun í jafnréttismálum var samþykkt af framkvæmdastjórn árið 2011. Jafnréttismál og allt sem þeim tengist er á fræðsluáætlun annað hvert ár en allir nýliðar fá fræðslu um þessi mál í nýliðamóttöku. Vörður fylgir lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, sem og öðrum lögum og reglum um að konum og körlum sé ekki mismunað og að einstaklingar skuli fá greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Vörður fylgir íslenska staðlinum ÍST 85:2012 um jafnlaunakerfi til stuðnings við jafnlaunastefnuna og hefur félagið hlotið jafnlaunavottun árlega frá árinu 2014.

S7 | Heilsa og öryggi starfsmanna



GRI 403-2 | UNGC | SDG 3

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Vörður hefur sett sér stefnu í viðverumálum. Markmið hennar er að standa vörð um heilsu starfsmanna, hvetja til heilsueflingar, tryggja heilsusamlegt og gott vinnuumhverfi, auka starfsánægju og minnka veikindafjarvistir. Stefnunni er einnig ætlað að vera leiðbeinandi með þær leiðir sem félagið notar til að takast á við fjarvistir vegna veikinda starfsmanna. Árið 2017 mældust að meðaltali sjö veikindadagar á stöðugildi og tvö vinnuslys voru skráð. Árið 2018 voru að meðaltali átta veikindadagar á stöðugildi en ekkert slysatilfelli skráð.

S8 | Heilsuvernd og öryggisstefna



GRI 403/103-2 | UNGC | SDG 3, 6

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Markmið Varðar er að huga vel að heilsu, heilbrigði og öryggi mannauðs og starfrækja heilsuefandi vinnustað. Félagið greinir reglulega þætti í vinnuumhverfinu sem geta haft áhrif á liðan, heilsu og öryggi starfsfólks og vinnur að úrbótum sé þess þörf. Vörður vann ötullega að málum er varða heilsu og vinnuvernd á árinu og samdi við fagaðila um aðkomu að þeim. Þá var velferðarnefnd stofnuð með utanaðkomandi fagaðilum sem vinna að málum sem tengjast heilsu og vellíðan, bæði lögbundnum sem öðrum. Árlega býður félagið starfsmönnum að sækja sér mat á heilsufari og er ásókn í slíkt ávallt góð eða um 70%. Á árinu 2019 verða niðurstöður úr heilsufarsmati starfsmanna nýttar, ásamt öðru, til þess að vinna áhættumat starfa sem ætti að gefa góða tilfinningu fyrir stöðunni innan félagsins. Vörður hefur hug á að setja sér stefnu til framtíðar um mál er varða heilsuvernd og öryggi á vinnustað þar sem formleg stefna hefur ekki verið unnin fram að þessu.

Félagið styrkir starfsmenn til íþrótt- og tómstundaiðkunar sem ávallt eru vel nýttir. Árið 2017 nýttu 84% starfsmanna sér styrkinn en 2018 var hlutfallið 67%. Samgöngustyrkur er einnig veittur þeim sem kjósa að ferðast til vinnu með öðrum hætti en á einkabílnum og nýta að meðaltali um 14% starfsmanna sér styrkinn.

S9 | Barna- og nauðungarvinna



GRI 408/409/103-2 | UNGC P4, P5 | SDG 1, 2, 4, 5, 6, 8

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Vörður starfar með íslenska vinnulöggjöf að leiðarljósi en hún tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og barnalögum nr. 76/2003, um rétt barna til umönnunar og réttinda í samræmi við aldur þeirra og þroska. Þau innihalda kröfu um verndun barna gegn hvers kyns þvingun eða ofbeldi.

S10 | Mannréttindastefna



GRI 102-16/103-2/412-2 | UNGC P1, P2 | SDG 1–17

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Vörður er með **stefnu og viðbragðsáætlun** í málum er varða einelti og áreitni á vinnustað en slíkt mál, og önnur sem fara út fyrir ramma eðlilegra samskipta og hegðunar á vinnustað, verða ekki liðin innan félagsins. Félagið fræðir starfsmenn reglulega um þessi mál og eðlileg samskipti á vinnustað og gerir árlega greiningar. Með stefnu félagsins og viðbragðsáætlun um mál af þessu tagi, virðir Vörður sáttmála Samtaka atvinnulífsins og stuðlar að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi.

S11 | Brot á mannréttindum



GRI 102-17/103-2/412-1 | UNGC P1, P2 | SDG 2, 3, 12, 13

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Vörður einsetur sér að virða vernd mannréttinda í samræmi við Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Hjá Verði eru það fyrst og fremst eftirfarandi atriði sem eiga við í rekstri félagsins: Rétturinn til félagafrælsis, rétturinn til viðunandi og hagstæðra vinnuaðstæðna, rétturinn til jafnra launa fyrir sömu störf og rétturinn til jafnréttis gagnvart lögum. Vörður veitir starfsmönnum sínum frjálst val um hvort þeir eru aðildarfélagar að stéttarfélagi og þá í hvaða félagi þeir vilja vera. Vinnuaðstæður eru almennt mjög góðar og þá er mikil áhersla lögð á jafnréttismál en félagið hefur verið með jafnlaunavottun samkvæmt IST 85:2012 um nokkurt skeið eins og að framan greinir. Það er mat stjórnenda Varðar að vel sé hugað að mannréttindamálum hjá félaginu.

S12 | Kynbundin samsetning stjórnar



GRI 102-22 | UNGC | SDG 5

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Í stjórn Varðar líftrygginga eru þrír stjórnarmenn samkvæmt samþykktum félagsins og tveir varamenn. Í stjórn Varðar trygginga eru fimm stjórnarmenn og tveir varamenn. Á aðalfundi Varðar trygginga 2018 voru þrjár konur og tveir karlar kjörin í stjórn og varamenn voru einn karl og ein kona.

Arion banki er eigandi Varðar. Í stjórn Varðar trygginga árið 2018 sátu tveir háðir stjórnarmenn, annar sem starfsmaður eiganda og hinn sem fyrrverandi starfsmaður eiganda. Í varastjórn sat á árinu 2018 einn háður stjórnarmaður. Í stjórn Varðar líftrygginga árið 2018 sat einn háður stjórnarmaður og einn háður varamaður, báðir starfsmenn eiganda.

Vörður fylgir reglum um jafnt hlutfall kvenna og karla í stjórnnum félagsins.

Lýsing	2017 Vörður tryggingar	2018 Vörður tryggingar	2017 Vörður líftryggingar	2018 Vörður líftryggingar
Konur	60%	60%	33%	43%
Karlar	40%	40%	66%	57%
Háðir stjórnarmenn	29%	43%	0%	40%

Stjórnarhættir

Stjórnarhátum Varðar er ætlað að stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila félagsins og leggja grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku, með það að markmiði að skapa samfélagsleg verðmæti. Vörður hefur hlotið vottun frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti og er nú fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarhátum, en úttekt var gerð á stjórnarhátum Varðar í lok árs 2018. Ætlunin er að setja stefnu um birgjamat og mun fjárfestingastefna félagsins verða endurskoðuð þar sem verður litið til sjálfbærniþátta við mat á birgjum. Umfjöllun um lagaramma þann sem um starfsemina gildir og fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti félagsins má finna í Stjórnarhátayfirlýsingu Varðar og Varðar líftrygginga sem er birt á heimasíðu með ársskýrslu.

G1 | Stjórn – aðgreining valds



GRI 102-23 | UNGC | SDG 8, 10, 16

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum Varðar og skipar stjórn í samræmi við lög og samþykktir félagsins. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og stýrir félaginu í samræmi við **starfsreglur stjórnar**. Forstjóri veitir stjórn upplýsingar um rekstur félagsins sem og öll mikilvæg atriði er haft geta áhrif á rekstur og efnahag. Í stjórn Varðar eru fimm aðalmenn og tveir varamenn í samræmi við samþykktir félagsins. Á síðasta starfsári voru tveir háðir stjórnarmenn, annar sem starfsmaður Arion banka, eiganda Varðar, og hinn sem fyrrverandi starfsmaður sama eiganda. Aðrir stjórnarmenn voru óháðir. Enginn stjórnarmanna á eignarhlut í félaginu, hvorki beint né í gegnum tengda aðila, enda er eignarhaldið einfalt og einungis einn eigandi. Hvorki forstjóri né aðrir starfsmenn félagsins sitja í stjórnnum, hvorki Varðar né Varðar líftrygginga, engir starfsmenn sitja heldur í undirnefndum stjórnar. Undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, eru því skipaðar stjórnarmönnum og í endurskoðunarnefnd situr að auki utanaðkomandi sérfræðingur í reikningsskilum. Nánari umfjöllun um stjórnarmenn má finna í **stjórnarhátayfirlýsingu** Varðar og Varðar líftrygginga.

G2 | Stjórn – gagnsæi ákvarðana



UNGC | SDG 8, 10, 16

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Verði ber samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum félagsins, eins og fram kemur í stjórnarháttalýsingu þess. Hlutverki stjórnar er lýst í **starfsreglum stjórnar** sem eru uppfærðar reglulega og aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Stjórnarformaður stýrir stjórnarfundum. Haldnar eru fundargerðir um alla fundi stjórnar og þar eru ákvarðanir stjórnar bókaðar. Í starfsreglum stjórnar er fjallað um atkvæðisrétt og ákvörðunarvald og fer hver stjórnarmaður með eitt atkvæði á fundum stjórnar. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls, falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns – sjá einnig umfjöllun í samþykktum félagsins sem aðgengilegar eru á heimasíðu. Reglum um atkvæðagreiðslur er ekki beitt í framkvæmd nema verulegur ágreiningur sé um mál sem til afgreiðslu eru hverju sinni. Hver stjórnarmaður getur látið bóka afstöðu sína í fundargerð. Upplýsingar um atkvæðagreiðslur stjórnarmanna eru ekki birtar opinberlega. Ef atkvæðagreiðslur verða um einstök mál eru niðurstöður skráðar í fundargerð stjórnar. Slíkt er afar fátítt og ástæðan líklega sú hvernig eignarhaldi félaganna er háttað. Engar atkvæðagreiðslur voru haldnar um niðurstöður einstakra mála árið 2018. Fundargerðir eru aðgengilegar eftirlitsaðilum, óski þeir eftir upplýsingum um afgreiðslu einstakra mála.

G3 | Hvatar til samfélagsábyrgðar með kaupauka



GRI 102-35 | UNGC | SDG 9, 16

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Vörður hefur sett sér **stefnu um samfélagslega ábyrgð** sem miðar að því að starfa til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila, innri sem ytri og skapa sameiginlegt virði. Félagið hefur ekki sett fram formlegt hvatakerfi varðandi umhverfispætti, samfélagsábyrgð og stjórnarhætti (UFS). Áhersla er á þessa þætti innan félagsins þótt enn hafi ekki verið settar formlegar reglur um málið.

Samkvæmt lögum er Verði skylt að hafa **starfskjarastefnu**. Stefnan er birt á heimasíðu félagsins og tekur á starfskjörum stjórnar, æðstu stjórnenda og starfsmanna allra. Í stefnunni er greint frá möguleika á launatengdu hvatakerfi en slíkt kerfi hefur ekki verið sett á hjá Verði. Stefnan er endurskoðuð árlega og lögð fyrir aðalfund til staðfestingar, hvort heldur með eða án breytinga.

Starfskjaranefnd er undirnefnd stjórnar og starfar á ábyrgð stjórnar. Settar hafa verið starfsreglur fyrir nefndina og eru þær aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Eitt helsta verkefni starfskjaranefndar er að rýna starfskjarastefnu árlega og leggja fyrir stjórn til samþykktar eða synjunar mögulegar breytingar. Stjórn leggur síðan starfskjarastefnu fyrir aðalfund.

G4 | Sanngjarn vinnuréttur



GRI 102-41 | UNGC P3 | SDG 3, 8, 16

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Félagið leggur áherslu á sanngjarnan vinnurétt og að starfsmenn hafi val um það hvort þeir eru í stéttarfélagi. Starfsmenn sem komu frá Okkar líftryggingum árið 2017 og eru í stéttarfélagi, eru í Stéttarfélagi starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) en eldri starfsmenn Varðar trygginga eru í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur (VR). Í lok árs 2018 var öllum starfsmönnum boðið að skipta um stéttarfélag og nýttu einhverjir sér þann rétt og eru að skipta yfir í SSF. Trúnaðarmenn hjá VR eru tveir en hlutverk þeirra er að þekkja leiðir til úrlausnar ágreiningsmála, kynna breytingar og nýjungar og hvetja félagsmenn til að leita sér upplýsinga. Yfirmenn félagsins standa utan stéttarfélaga en það er gert til að tryggja öruggt umhverfi fyrir viðskiptavinum félagsins komi til verkfalla.

Lýsing	2017	2018
Aðilar að stéttarfélagi	77	77
Utan stéttarfélags	11	11

G5 | Birgjahegðun, birgjamat



GRI 102-14/308/414 | UNGC P3 | SDG 12

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Í birgjamati Varðar er tekið á þáttum eins og fjármálum birgja, öryggismálum, gæðamálum og hugbúnaðarferli. Vörður stefnir að því að útbúa sérstakar reglur um birgjamat þar sem litið verður til sjálfbærniþátta við mat á birgjum, er snúa að kaupum á vöru og þjónustu. Samhliða þessari vinnu yrði fjárfestingastefna félagsins aðlöguð að þessum viðmiðum. Vörður gerðist stofnaðili að IcelandSIF, samtökum um ábyrgar fjárfestingar, en þau voru stofnuð 13. nóvember 2017.

Samtökin eru óháður vettvangur fyrir umræðu og fræðslu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Vörður leitast við að eiga ábyrg og traust samskipti við hagsmunaaðila sína þar sem áhersla er lögð á að auka sjálfbærni og skapa verðmæti fyrir samfélagið og umhverfið. Í stefnu um samfélagslega ábyrgð kemur fram að leitast er við að velja, umfram aðra, birgja sem starfa eftir sömu gildum og Vörður.

Árið 2018 var ráðinn starfsmaður í gegnum starfsmannaleigu til að starfa í eldhúsi. Sérstaklega var farið yfir aðbúnað og kannað hvort félagið, sem skipt var við, uppfyllti kröfur laga og reglna um aðbúnað starfsmanna. Ljóst er að birgjamat og sérstakar verklagsreglur um slíkt mat myndu draga verulega úr líkum á því að t.d. skipt yrði við fyrirtæki sem ekki fylgdi lögum og reglum um aðbúnað og hollustuhætti sinna starfsmanna. Áhersla verður því lögð á það á næstunni að koma þessum málum í enn betra horf til að draga enn frekar úr líkum á því að áhættan raungerist.

G6 | Siðareglur



GRI 102-16 | UNGC P3 | SDG 16

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Vörður hefur sett sér siðareglur í þeim tilgangi að:

- vinna að samfélagslegri ábyrgð
- stuðla að heiðarleika
- viðhafa réttisýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust viðskiptavina og almennings á Verði

Siðareglur Varðar endurspegla vel gildi félagsins: heiðarleika, snerpu og frumkvæði. Ákveðinn rammi er þar skilgreindur og reynt að taka tillit til siðferðislegra álitamála sem upp geta komið í starfsemi félagsins. Reglunum er ætlað að brýna fyrir öllum starfsmönnum Varðar að forðast hverskyns hagsmunaárekstra og vafasama viðskiptahætti er rýrt geta ásýnd félagsins og þeirra sjálfra.

Siðareglur Varðar:

- veita viðtæka leiðsögn um ráðvendni og viðskiptasiðferði og skilgreina leiðir sem farnar eru til að mæta áskorunum í starfi
- taka á þáttum eins og faglegri hegðun, stuðningi við orðspor, meðferð upplýsinga og afhendingu gagna, ábyrgð starfsmanna
- veita ramma og leiðsögn við ákvarðanatöku þegar siðferðisleg mál koma upp
- veita leiðsögn um framkomu starfsmanna og störf þeirra
- veita leiðbeiningar um meðhöndlun eigna
- veita leiðbeiningar um samskipti við fjölmiðla og eftirlitsaðila sem og virðingu fyrir lögum og eftirlitsaðilum

Siðanefnd er starfandi hjá Verði en hlutverk hennar er að móta og yfirfara reglurnar, vinna úr tilkynningum og fyrirspurnum og meta ábendingar um brot á siðareglunum. Siðareglurnar eru aðgengilegar starfsmönnum og eru þær yfirfarnar reglulega með sérstökum kynningum fyrir starfsmenn alla.

G7 | Aðgerðir gegn spillingu og mútum



GRI 102-17/205-1,2 | UNGC P10 | SDG 16

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Vörður leggur áherslu á að fyrirbyggja fjármunabrot og tryggingasvik og þau skaðlegu áhrif sem slík brot geta haft á viðskiptavinum, rekstur og samfélagið. Í því skyni var komið á laggirnar sameiginlegum tjónagrunni árið 2018 í samstarfi við önnur tryggingafélög og á ábyrgð Creditinfo. Tilgangurinn er að draga úr líkum á tryggingasvikum. Félagið er einnig meðvitað um hættu á hagsmunaárekstrum sem óhjákvæmilega fylgir starfseminni. Vörður líftryggingar er með reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og að auki gilda reglur um verðbréfavíðskipti starfsmanna sem draga úr líkum á hagsmunaárekstrum vegna slíkra víðskipta. Vörður er með reglur um víðskipti við tengda aðila. Auk þess gilda reglur um atvinnubátttöku starfsmanna og er eftirfylgni með þeim reglum. Þessar reglur eru liður í að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum en jafnframt er unnið að því að setja heildarstefnu um hagsmunaárekstra og sviksemi, sem og að kortleggja slíka áhættu hjá Verði. Reglurnar eru aðgengilegar starfsmönnum og yfirfarnar reglulega. Ekki hafa verið settar sérstakar reglur um spillingu og mútugreiðslur þótt fylgst sé með þeim málum í daglegri starfsemi félagsins.

Innri endurskoðun Arion banka sér um innri endurskoðun á grundvelli útivistunarsamnings við Vörð og tekur árlega út einstaka þætti í innra eftirliti félagsins. Vörður kappkostar að fylgja lögum og reglum í hvívetna og stuðla þannig að skilvirkni og heilbrigði í rekstri. Reglur Vörður heyrir beint undir forstjóra og ber hann m.a. ábyrgð á upplýsingagjöf til stjórnar og eftirlitsaðila, sem og að fylgja eftir áherslu félagsins á reglufylgni.

G8 | Gegnsæi skatta og gjalda



GRI 201-1 | UNGC | SDG 8, 16

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Vörður er tryggingafélag sem leggur ríka áherslu á að lágmarka áhættu til hagsbóta fyrir hagsmunaaðila og veitir víðskiptavinum viðeigandi váttryggingavernd. Rekin er skaðatryggingarstarfsemi í Verði en dótturfélag Varðar, Vörður líftryggingar, sér um rekstur líftryggingahluta starfseminnar. Í lögum er gerð krafa um að líftryggingafélög séu rekin í sjálfstæðu félagi. Allri daglegri starfsemi dótturfélagsins, Varðar líftrygginga, er úthýst til Varðar með sérstökum útivistunarsamningi. Vörður er eftirlitsskyldur aðili og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Vörður og Vörður líftryggingar hafa fengið heimild skattyfirvalda til samsköttunar frá og með árinu 2018. Vörður gerir grein fyrir fjárhagslegri afkomu á grundvelli laga um ársreikninga og IFRS-reikningsskilastaðla. Upplýsingar um skattgreiðslur og önnur gjöld sem félagið greiðir eru birtar í ársreikningi.

G9 | Sjálfbæriskýrsla



UNGC | SDG 4

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Vörður birtir nú í annað sinn sjálfbæriskýrslu samhliða skýrslu stjórnar og er það gert m.a. til að uppfylla lög um ársreikninga nr. 3/2006, sbr. 66. gr. d. þeirra laga. Félagið telur það mikinn áfanga að birta ófjárhagslegar upplýsingar með þessum hætti og að það muni leiða til enn betri árangurs í rekstri þess sem og aukinnar áherslu á mikilvæg samfélagsleg málefni.

G10 | Aðferðafræði – rammi



GRI 102-54 | UNGC | SDG 17

Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Við gerð sjálfbærniuppgjors Varðar er stuðst við leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út í mars 2017. Leiðbeiningar Nasdaq byggja á ráðleggingum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhóp hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Þá eru tilvísanir í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, GRI (Global Reporting Initiative), UNGC (UN Global Compact). Einnig var tekið tillit til laga nr. 73/2016, um breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum (einföldun og innleiðing ársreikningatilskipunar 2013/34/ESB).

G11 | Utanaðkomandi endurskoðun og áritun



Vörður styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Stjórnendur Varðar fengu félagið Ábyrgar lausnir ehf. til að veita leiðbeinandi ráðgjöf og aðstoð við þetta sjálfbærniuppgjör til að auka áreiðanleika, gagnsæi og skapa traust um upplýsingagjöfina. Við þá vinnu, fyrir starfsárið 2018, kom ekkert fram sem gaf til kynna annað en að uppgjórið innihéldi áreiðanlegar upplýsingar varðandi alla þætti UFS-viðmiða Nasdaq (ESG) og aðra ófjárhagslega þætti í rekstri Varðar til uppfyllingar á lögum um ársreikninga.

Ábyrgar lausnir ehf. sérhæfa sig í ráðgjöf, áreiðanleikakönnunum og lausnum varðandi þætti er falla undir samfélagsábyrgð og sjálfbærni í rekstri skipulagsheilda. Aðstoð frá þriðja aðila tryggir bæði áreiðanleika og gæði skýrslunnar.